

Íþróttafélagið Þór

# Frumþarfagreining vegna framtíðaruppbyggingar félagsvæðis



## Inngangur

Á félagssvæði Þórs eru tvær af átta deildum félagsins með aðstöðu til æfinga; knattspyrna og rafíþróttir. Aðrar deildir félagsins hafa aðstöðu vítt og breitt um bæjarfélagið og eiga aldrei erindi á félagssvæði Þórs.

Þann 8. maí 2022 gaf Íþróttafélagið Þór út skýrslu um framtíðaruppbygginu íþróttamannvirkja á félagsvæði félagsins (sjá viðauka 1). Þar kemur fram að Þór leggi áherslu á eftirfarandi forgangsröðun (í neðangreindri röð):

1. Nýtt íþróttahús með æfingasölum fyrir hand- og körfuknattleik og viðurkenndum keppnisvelli/völlum. Aðstaða fyrir rafíþróttir og heilsutengda starfsemi eldri borgara verði einnig í húsinu, til dæmis sjúkraþjálfun.
2. Nýr gervigrasvöllur á Ásinn með flóðlýsingu og hita undir ásamt úðarakerfi.
3. Íþróttatengd bygging sem hýsa má aðstöðu fyrir pílu, keilu, taekwondo, hnefaleika auk ýmiskonar félagsaðstöðu, s.s. skrifstofurými, fundarsali og svo mætti áfram telja. Einnig væri hér möguleiki á ýmiskonar einkarekstri í tengslum við bygginguna.

Aðalstjórn Þórs kallar eftir því að Akureyrarbær geri einn samning við Þór um byggingu nýs íþróttahúss og nýjan gervigrasvöll á Ásinn. Aðalstjórn leggur áherslu á það að uppbygging samkvæmt, fyrstu tveimur forgangslíðunum er mjög brýn til þess að anna núverandi eftirspurn og tryggja vaxtamöguleika til framtíðar.

Þarfagreining og hönnun á nýjum mannvirkjum á félagsvæði Þórs er umfangsmikil vinna sem krefst samvinnu frá Íþróttafélaginu Þór, Akureyrarbæ, arkitektum, hönnuðum o.fl. Íþróttafélagið Þór hefur gert frumþarfagreiningu fyrir nýtt íþróttahús í samvinnu við handknattleiks- og körfuknattleiksdeild félagsins auk frumþarfagreiningu fyrir nýtt gervigrassvæði í samvinnu við stjórn- og unglingaráð knattspyrnudeildar. Í dag, býr Þór ekki við neinn gervigrasvöll utandyra.

Í skýrslu Þórs um framtíðaruppbygginu íþróttamannvirkja á félagsvæði Þórs (sjá viðauka 1) kemur fram fjöldi þeirra æfingatíma sem munu flytjast úr íþróttasölum bæjarins yfir í nýtt íþróttahús, en sú greining miðast við að tvær æfingar séu í gangi hverju sinni í nýju húsi. Aðalstjórn Þórs, telur eðlilegt að nýtt hús anni að lágmarki þörfum félagsins í dag auk þess að geta tekið við fjölgun til framtíðar. Því telur félagið æskilegt að þrjár æfingar geti verið í gangi hverju sinni.

Aðalstjórn Þórs sér mikil tækifæri í samnýtingu íþróttakjarna og frístundastarfs skóla, félagsstarfs og heilsueflingu eldri borgara og skólasamfélagsins;

- Til þess að stytta vinnudag barna er æskilegt að íþróttaiðkun og annað frístundastarf fari fram áður en hefðbundnum vinnutíma forráðamanna lýkur. Með því að hýsa skólafrístund innan íþróttamannvirkja Þórs mætti bæta nýtingu mannvirkjanna, efla frístundastarf skóla og létta á aðþrengdri aðstöðu sem margir skólar búa við í dag. Samnýting skólafrístundar og íþróttamannvirkja mun minnka þörf fyrir dýran rekstur á frístundastrætó á öllum æfingatímum.
- Þór sér bæði tækifæri og áskoranir í sívaxandi fjölda eldri borgara og síhækkandi aldri þeirra sem enn stunda hreyfingu. Með samstarfi Akureyrarbæjar og Íþróttafélagsins Þórs mætti setja upp skipulagt starf meðal eldri borgara í íþróttasal, fundarsölum, þreksal o.fl. með það að markmiði að efla lýðheilsu eldra fólks og minnka kostnað við aðra heilsutengda þjónustu sem hlýst af vanvirkni þessa hóps. Nálægð félagsvæðis Þórs við nýja heilsugæslustöð er ótvíræður kostur.

- Nýtt íþróttahús gæti nýst vel fyrir íþróttanám á háskólastigi ásamt íþróttakademíu á framhaldsskólastigi sem gæti skapað sérstöðu fyrir bæjarfélagið og laðað að nýja íbúa.

## **Fyrstu drög að skipulagi á félagssvæði Þórs**

Framtíðarskipulag félagssvæðis Þórs gerir ráð fyrir íþróttahúsi á félagssvæðinu og gervigrasi á Ásnum, sem myndar samfelldan einn og hálfan knattspyrnuvöll. Aðalstjórn Þórs leggur til tvær staðsetningar á íþróttahúsi til frekari skoðunar og er gerð grein fyrir þeim á myndum neðar.

### **Staðsetning A -Íþróttahús sunnan við Hamar, sambyggt Hamri og stúku**

Á mynd 1 má sjá drög að framtíðarskipulagi með sambyggðu íþróttahúsi á milli núverandi stúku við aðalvöll og Hamars. Myndin sýnir jafnframt gervigras á Ásnum með samfelldum einum og hálfum velli. Steinnes þarf að víkja fyrir nýju íþróttahúsi en bílastæði við Hamar/Bogann geta haldist óbreytt.



Mynd 1 – Drög að framtíðarskipulagi félagssvæði Þórs, með staðsetningu íþróttahúss A (Loftmynd: Skjáskot af map.is)



## Staðsetning B -Íþróttahús norðan við Hamar, sambyggt Hamri og knattspyrnuhúsi Bogans

Á mynd 2 má sjá drög að framtíðarskipulagi með sambyggðu íþróttahúsi á milli Hamars og knattspyrnuhúss Bogans, á núverandi bílastæði við Hamar/Bogann. Myndin sýnir jafnframt gervigras á Ásnum með samfelldum einum og hálfum velli líkt og mynd 1. Gera má ráð fyrir því að byggja þurfi ný bílastæði á Skansinum, grassvæði norðan Bogans og Lundgarður þarf líklega að víkja fyrir nýrri byggingu.



Mynd 2 – Drög að framtíðarskipulagi félagssvæði Þórs með staðsetningu íþróttahúss B (Loftmynd: Skjáskot af map.is)

Framtíðarstaðsetning nýs íþróttahúss verður ekki ákveðin fyrr en þarfagreining og frumhönnun verður lengra komin að teknu tilliti til nærumhverfis.

## Frumþarfagreining nýs íþróttahúss

Mannvirkjaráð Þórs hitti fulltrúa handknattleiksdeildar og körfuknattleiksdeildar þar sem deildirnar lögðu fram ákveðna grunnþarfir fyrir þeirra starfsemi. Hér að neðan gerir Aðalstjórn Þórs grein fyrir frumþarfagreiningu fyrir nýtt íþróttahús. Gert er ráð fyrir því að íþróttahúsið anní tveimur til þremur æfingum í senn, háð aldri iðkenda og íþróttagrein. Hús sem sýnt er á teikningu er 68x49 metrar að stærð eða um 3.300 fm og er eingöngu sýnt til viðmiðunar.

- Fulltrúar körfuknattleiksdeildar telja að húsið þurfi að rúma þrjá löglega körfuboltavelli/fjóra minniboltavelli. Í húsinu þurfa að vera 16 körfur og parket á gólfi.
- Fulltrúar handknattleiksdeildar telja að húsið þurfi að rúma tvo löglega handboltavelli/þrjá minniboltavelli, með parket á gólfi.
- Æskilegt er að hafa tvöfalt tjald á milli valla vegna hljóðvistar og öryggis iðkenda.
- Tvær 400 manna stúkur, hvoru megin samsíða keppnisvelli (aðalvelli).
- Íþróttahúsið verður útbúið svölum sem umlykja allan gólflötinn. Svalir nýtast sem aðstaða fyrir áhorfendur.
- Aðstöðu fyrir skólafrístund.
- Húsið þarf þar að auki að rúma neðangreint:
  - aðstöðu fyrir rafíþróttadeild (gluggalaust rými með góðri loftræstingu)
  - aðstöðu fyrir eldri borgara
  - átta nýja klefa með salerni (m.v. staðsetningu A á íþróttahúsi) eða tólf klefar með salerni (m.v. staðsetningu B á íþróttahúsi). Sturtuaðstaða á milli klefa samnýtt. Heitir og kaldir pottar ásamt gufu. Nákvæmur fjöldi klefa og möguleg samnýting krefst nánari skoðunar
  - tvo dómaraklefar með sturtuaðstöðu
  - lyftingasal/þreksal
  - aðstöðu til veitingasölu
  - snyrtingu fyrir áhorfendur
  - þvotta/búningageymslur
  - bolta- og áhaldageymslur
  - geymslur fyrir deildir
  - sameiginlega forstofu/anddyri fyrir alla starfsemi nýs húss og samtengdra bygginga.
  - ræstirými
  - starfsmannaaðstöðu
  - blaðamannastúku
  - sorpgeymslu
  - fundaraðstöðu
  - sameiginleg stuðningsmannarými fyrir Þór

## Frumþarfagreining gervigrasvallar

Aðalstjórn Þórs hefur fundað með stjórn og unglingaráði knattspyrnudeildar Þórs. Hér að neðan er gerð grein fyrir frumþarfagreiningu fyrir nýtt gervigrassvæði utandyra á félagssvæði Þórs.

- Gervigrasvöllur skal útbúinn flóðlýsingu, vökvunarkerfi og vera upphitaður.
- Gervigrasvöllur skal staðsettur á Ásnum, spanna 1,5x völl við hlið núverandi aðalvallar, og þjóna sem æfinga- og keppnissvæði fyrir yngri iðkendur. Ásinn mun auk þess nýtast sem tímabundinn keppnisvöllur fyrir meistaraflokka þar til aðalvöllur verður lagður með gervigrasi í framtíðinni.
- Samkvæmt vindagreiningu á Ásnum þá hefur komið í ljós að Boginn magnar upp vindinn í norðanátt (sjá nánar í viðauka nr 2). Mikilvægt er að skoða úrlausn á þessu atriði við hönnun á Ásnum.
- Samnýting gervigrasvallar og Glerárskóla á skólatíma.
- Gengið er út frá því að Akureyrarbær búi yfir nýlegri reynslu af sambærilegri framkvæmd.

Aðalstjórn Þórs leggur áherslu á það að Íþróttafélagið Þór vill leggja gervigras á aðalvöllinn í framtíðinni. Því er mikilvægt að Akureyrarbær og UFA klári sína stefnumótun, finni kastsvæðinu nýjan stað og í kjölfarið verður Uppbyggingar- og framkvæmdasamningurinn á milli Akureyrarbæjar og Íþróttafélagsins Þórs frá 10. september 2007, sjá viðauka 3, endurvakinn.

## Helstu notendur nýrra mannvirkja

Í töflunni að neðan er gerð grein fyrir helstu notendum nýs íþróttahúss og gervigrass á félagssvæði Þórs. Listinn er ekki tæmandi.

Helstu notendur nýs íþróttahúss	Helstu notendur nýs gervigrass
Yngri flokkar Þórs í körfuknattleik	Yngri flokkar Þórs í knattspyrnu
Yngri flokkar Þórs í handknattleik	Yngri flokkar Þórs/KA
Rafíþróttadeild Þórs	Meistaraflokkur Þórs í knattspyrnu
Meistaraflokkur Þórs, karla, í körfuknattleik	Meistaraflokkur Þórs/KA
Meistaraflokkur Þórs, kvenna, í körfuknattleik	Glerárskóli á skólatíma
Meistaraflokkur Þórs, karla, í handbolta	Skólafrístund (mögulega Glerárskóla, Síðuskóla, Oddeyrarskóla og Giljaskóla)
Yngri flokkar KA/Þórs	Almenningur til íþróttaiðkunar
UFA	Eldri borgarar (vegna snjóbræðslu)
Glerárskóli á skólatíma	Háskóli
Skólafrístund (mögulega Glerárskóla, Síðuskóla, Oddeyrarskóla og Giljaskóla)	Framhaldsskólar
Eldri borgarar	Mótahald
Leikskólinn Klappir	
Útleiga til almennings	
Viðburðahald	
Háskóli	
Framhaldsskólar	
Mótahald	

## Lokaorð

Nánast öll uppbygging íbúðabyggðar á Akureyri er skipulögð norðan Glerár til ársins 2030, eða um 3.000 íbúa byggð. Íþróttafélagið Þór telur núverandi aðstöðu ekki boðlega, hvorki fyrir núverandi né væntanlega iðkendur félagsins, en gert er ráð fyrir að iðkendum muni fjölga til muna, í takt við fólksfjölgun á komandi árum. Mikilvægt er að halda því til haga að Íþróttafélagið Þór er eina íþróttafélagið á landinu, í tveimur efstu deildunum í körfuknattleik eða handknattleik, sem býr ekki við íþróttahús á sínu félagssvæði. Með nýju íþróttahúsi og gervigrasvelli á félagssvæði Þórs, og þar með heimavelli fyrir fjórar fjölmennar deildir félagsins, auk fjölnota aðstöðu þá mun stór hluti iðkenda félagsins loksins vera komin undir einn hatt.

Samhliða þessu þá mun losna um fjölda tíma í öðrum íþróttahúsum bæjarins sem sveitafélagið getur útdeilt til annarra félaga og bætt aðstöðu til ýmisskonar íþróttaiðkunar almennings. Þessi viðbót mun hafa gríðlega jákvæð áhrif á samfélagið sem heild á Akureyri þar sem mikil vöntun er á aðstöðu til æfinga innanhús. Síðast en ekki síst mun nýtt hús stytta vinnudag barna á Akureyri en margir iðkendur stunda æfingar mjög seint á kvöldin og fjöldi æfinga fellur niður um helgar þegar húsin eru nýtt til keppni. Nýtt íþróttahús á Akureyri ætti að vera forgangamál Akureyrarbæjar í uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri.

Gríðarleg tækifæri eru til samnýtingar nýrra íþróttamannvirkja og skóla- og frístundastarfs en staðsetning félagssvæðis Þórs er afar hentug m.t.t. leik- og grunnskóla í nágrenninu. Nýtt íþróttahús mun auka rekstarhægvæmni fyrir Akureyrarbæ ásamt því að styrkja félagssheild íþróttafélagsins Þórs, sem er ein af grunnforsendum íþróttafélags.

Aðalstjórn Þórs telur forgangsmál að byggja nýtt íþróttahús á félagssvæði Þórs og samhliða því nýtt gervigras á Ásinn. Þörfin er aðkallandi. Aðalstjórn kallar eftir því að Akureyrarbær geri einn samning við Þór um byggingu nýs íþróttahúss og nýjan gervigrasvöll, en aðalstjórn hefur væntingar um það að framkvæmdir á Ásnum hefjist árið 2023 og bygging á nýju íþróttahúsi hefjist á árinu 2024.

Til þess að það geti raungerst óskar Aðalstjórn Þórs eftir því við Akureyrarbæ að gert sé ráð fyrir fjármagni við þarfagreiningu og hönnun á Íþróttahúsi auk byggingar á gervigrasvelli í fjárhagsáætlun 2023.

Áfram Akureyri  
Aðalstjórn Þórs

## Viðauki 1

# Íþróttfélagið Þór Framtíðaruppbygging félagssvæðis





## Inngangur

Skýrsla um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri var gefin út fyrir um 30 mánuðum síðan, þann 8. nóvember 2019. Í skýrslunni er neðangreind forgangsröðun á íþróttasvæði Þórs sett fram undir liðum 8, 9 og 10 í skýrslunni.

1. Byggja félags-, æfinga- og geymsluaðstöðu við vesturhlið Bogans
2. Byggja íþróttahús á félagssvæði Þórs fyrir innanhússíþróttagreinar
3. Útbúa utanhúss gervigrasæfingasvæði á félagssvæði Þórs.

Samkvæmt skýrslunni má áætla að framkvæmdir við íþróttasvæði Þórs muni hefjast eftir um 8 – 10 ár, árin 2030 – 2032. Íþróttafélagið Þór hefur frá útgáfu skýrslunnar mótmælt þeirri forgangsröðun sem fram kemur í skýrslunni harðlega, m.a. vegna þess að einungis er unnt að æfa tvær af átta greinum félagsins á íþróttasvæði Þórs vegna aðstöðuleysis. Nánast öll uppbygging íbúðabyggðar á Akureyri er skipulögð norðan Glerár til ársins 2030, eða um 3.000 íbúa byggð. Íþróttafélagið Þór telur núverandi aðstöðu ekki boðlega, hvorki fyrir núverandi né væntanlega iðkendur félagsins, en gert er ráð fyrir að iðkendum muni fjölga til muna, í takt við fólksfjölgun á komandi árum.

## Forsendubreytingar frá útgáfu skýrslu:

Framsettar tölur um iðkenda fjölda hér að neðan varða iðkendur yngri flokka 0-18 ára.

- Mikil fjölgun hefur átt sér stað í Körfuknattleiksdeild Þórs síðan 2019, eða úr 100 iðkendum í yfir 200 iðkendur. Í dag fara æfingar fram í Glerárskóla, Síðuskóla, íþróttahöllinni og Naustaskóla. Körfuknattleiksdeild Þórs á engan heimastað.
- Körfuknattleiksdeild hefur endurvakið meistaraflokki kvenna sem er liður í að efla íþróttastarf kvenna.
- Fjölgun hefur átt sér stað innan Handknattleiksdeildar Þórs síðan 2019 og í dag æfa yfir 200 iðkendur hjá félaginu. Í dag fara æfingar fram í Síðuskóla og í Íþróttahöllinni. Handknattleiksdeild Þórs á engan heimastað.
- Mikil fjölgun hefur orðið hjá Knattspyrnudeild Þórs. Frá árinu 2019 hefur iðkendum fjölgað úr 600 í 700. Núverandi grassvæði félagsins utandyra er það slakt að flestir leikir yngri flokka þurfa að fara fram í innandyra í Boganum að sumarlagi. Íþróttafélagið Þór hefur afnot af minnihluta tíma sem úthlutað er í Boganum. Aðstaða til knattspyrnu iðkunar á félagssvæði Þórs er úr sér gengin og ekki boðleg.
- Vorið 2020 var stofnuð Rafíþróttadeild Þórs en sú deild hefur notið mikilla vinsælda og telur hún í dag um 200 nýja iðkendur innan félagsins. Rafíþróttadeildin hefur aðstöðu í áhorfendastúku á Þórssvæðinu. Ætla má að þessi deild muni stækka mikið á næstum árum.
- Íþróttafélagið Þór skynjar mikla þörf á aðstöðu fyrir eldri borgara – félagið sér bæði tækifæri og áskoranir í sívaxandi fjölda eldri borgara og þeim síhækkandi aldri eldri borgara sem enn stunda hreyfingu.
- Stærsti leikskóli Akureyrarbæjar hefur verið byggður á jaðri íþróttasvæðis Þórs sem eflir enn frekar samþættingu við skólastarf sem var ein af mikilvægum matsforsendum við vinnu skýrslunnar.
- Taikwondo hefur verið stöðug síðustu ár með aðstöðu í íþróttahúsi Oddeyrarskóla.
- Píludeild er í stórsókn og eru þau með kynningu oft í viku auk móta. Píludeildin er til húsa í íþróttahúsinu við Laugargötu.

- Hnefaleikadeild hefur gengið mjög vel eftir sameiningu og starfið er blómlegt. Hnefaleikadeildin er með aðstöðu í Íþróttahúsinu við Laugargötu.
- Keiludeild er því miður húsnæðislaus og æfir á Akranesi.

## **Endurskoðun skýrslu Akureyrarbæjar um uppbyggingu**

### **Íþróttamannvirkja**

Mikilvægt er að horfa til þess að við gerð skýrslunnar, var kallað eftir „hvaða aðstöðu hvert félag þyrfti á næstu 5-15 árum, hver væri óska staðsetning á aðstöðu félagsins og með tilliti til samlegðaráhrifa af nýtingu mannvirkja var spurt með hvaða öðrum aðildarfélögum ÍBA félög ættu helst samleið.“ Í skýrslunni kemur einnig fram að tveir af mikilvægum matsþáttum vinnuhópsins væru fjöldi iðkenda og áhrif á skólastarf. Að lokum kom fram að starfshópurinn horfði fyrst og fremst til heildarhagsmuna bæjarfélagsins við forangsröðun atriða. Um svipað leyti var íþróttastefna ÍBA kynnt þar sem fram kom að markmið væri að efla fáa sterka íþróttakjarna og sameina íþróttafélög.

Augljóst þykir að óskalisti íþróttafélagsins Þórs bar hagsmuni heildarinnar fyrir brjósti fremur en eiginhagsmuni félagsins. Sem dæmi má nefna ósk um fjölnota húsnæði við Bogann sem nýtist Þór, KA, Þór/KA og UFA, uppbyggingu íþróttatengdra leikvalla á skólalóð, ásamt uppbyggingu sundlaugar sem teljast ekki hagsmunir Þórs í núverandi starfsemi félagsins. Engu að síður endurspeglar óskirnar heildarhagsmuni bæjarins sem og stefnu ÍBA um eflingu kjarna og sameiningu félaga.

Það er mat félagsins að þarfir Þórs hafi ekki hlotið sanngjarnt mat í niðurstöðu skýrslunnar auk þess að mikil forsendubreyting hefur orðið á veigamiklum matsþáttum frá því að skýrslan var gefin út. Með vísan í þær forsendubreytingar sem taldar eru fram í þessari greinargerð telur íþróttafélagið Þór nauðsyn að skýrsla Akureyrarbæjar frá árinu 2019 verði endurskoðuð svo hún endurspegli þá þróun sem á sér stað innan sveitafélagsins.

Í dag, telur Íþróttafélagið Þór aðstöðu fyrir iðkendur í fjölmennustu deildum félagsins; körfuknattleik, handknattleik, knattspyrnu og rafíþróttir alls ekki boðlega. Þá er ótalin aðstaða fámennari deilda félagsins. Auk þess, einskorðast félagssvæði Þórs við knattspyrnu og rafíþróttadeild sem er íþróttafélaginu ekki sæmandi.

### **Áherslumál nýrrar aðalstjórnar Þórs**

Aðalstjórn Þórs hvetur bæjaryfirvöld til þess að taka tillit til þeirrar stöðu sem Íþróttafélagið Þór býr við og að skýrsla um forgangsröðun íþróttamannvirkja frá árinu 2019 verði endurskoðuð. Íþróttafélagið Þór leggur áherslu á eftirfarandi forgangsröðun (í þessari röð):

- **Nýtt íþróttahús** með æfingasölum fyrir hand- og körfuknattleik og viðurkenndum keppnisvelli/völlum. Aðstaða fyrir rafíþróttir og heilsutengda starfsemi eldri borgara verði einnig í húsinu, til dæmis sjúkraþjálfun.
- **Nýr gervigrasvöllur** á Ásinn með flóðlýsingu og hita undir ásamt úðarakerfi.
- **Íþróttatengd bygging** sem hýsa má aðstöðu fyrir pílu, keilu, taekwondo, hnefaleika auk ýmiskonar félagsaðstöðu, s.s. skrifstofurými, fundarsali og svo mætti áfram telja. Einnig væri hér möguleiki á ýmiskonar einkarekstri í tengslum við bygginguna.

## **Skipulagsmál**

Félagssvæði Þórs er einkar vel staðsett, miðsvæðis á Akureyri. Samgöngur skipa stóran sess í skipulagsmálum en þétting öflugra íþróttakjarna er eitt sterkasta vopn í að koma á fót öflugum almenningssamgöngum eða frístundaakstri.

Félagssvæði Þórs hefur gríðarlega stórt upptökusvæði skólastarfs. Í loftlínu eru fjórir grunnskólar, einn háskóli og sex leikskólar í 250-1200 m fjarlægð. Enginn íþróttakjarni á Akureyri er með jafn góða möguleika til samlegðar við skólastarf sem var einn af áhersluþáttum við vinnu við forgangsröðun íþróttamannvirkja.

## **Sóknarfæri**

Akureyrarbær hefur gert margt gott fyrir íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu. Akureyri er stórborg í smábæ og endurspeglar framboð af íþróttastarfsemi þá nafnbót.

Með nýju íþróttahúsi, og þar með heimavelli fyrir tvær fjölmennar deildir félagsins, auk fjölnota aðstöðu mun félagssvæði Þórs fá mikla upplífgun og félagsstarfið mun styrkjast til muna. Við uppbygginguna verða til forsendur til þess að efla liðsanda félagsins, sem er ein af grunnstoðum íþróttaiðkunar og samfélagsins alls. Við uppbygginguna mun losna um fjölda tíma í öðrum íþróttahúsum bæjarins sem sveitafélagið getur útdeilt til annarra nota, leigt út til tekjuöflunar, lækkað háan starfsmannakostnað sem fylgir mönnun langt fram á kvöld og síðast en ekki síst stytta vinnudag barna sem var áherslumál fráfarandi bæjarstjórnar (sjá viðauka). Útiaðstaða til knattspyrnuíðkunar er mjög slök en uppbygging gervigrasvallar mun stuðla að styttingu vinnuviku barna og gera börnum norðan Glerár kleift að stunda knattspyrnu utanhúss þann verðmæta árstíma sem það er mögulegt.

Samkvæmt spá um íbúapróun Akureyrarbæjar í gildandi Aðalskipulagi er gert ráð fyrir mikilli fjölgun íbúa norðan Glerár. Áætluð fjölgun nemur um 3.000 íbúum á næstu átta árum. Markviss uppbygging íþróttamannvirkja og efling starfsemi íþróttafélaga bæjarins getur skipt höfuðmáli til þess að laða barnafjölskyldur til sveitarfélagsins með framtíð bæjarfélagsins að leiðarljósi.

Íþróttafélagið Þór telur að núverandi aðstaða sé ekki ásættanleg og mun Þór ekki geta tekið á móti nýjum iðkendum með sóma. Aðalstjórn Þórs skorar á sveitarfélagið að endurskoða forgangsröðun um uppbyggingu íþróttamannvirkja, með hliðsjón af breyttum forsendum og með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Sóknarfærin eru fjölmörg, t.d. með samlegðaráhrifum við skólastarf og styrkingu öflugs íþróttakjarna á félagssvæði Þórs og þeim fjölmörgu hagræðingarmöguleikum sem í því felast.

Áfram Akureyri  
Aðalstjórn Þórs

Viðauki 1:

Hér á næstu blaðsíðum er uppsett æfingatafla allra húsa sem Þór notar í dag miðað við að Þór fái eigið íþróttahús. Við gerð þessarar töflu er gert ráð fyrir að Þór hafi til afnota eigið íþróttahús og ákveðið magn tíma úr öðrum húsum flytjist yfir í það. Hér sést tímatafla mögulegs íþróttahúss Þórs en með fylgja töflur annarra húsa og eru þar merktir með bleiku þeir tímar sem Þór skilar. Hér sést best hversu marga möguleika bygging íþróttahúss á Þórssvæðinu gefur.

Íþróttahúss Þórs																
kl.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.									
8:00	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara											
8:30	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara											
9:00	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara											
9:30	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara											
10:00	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa							
10:30	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa							
11:00	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa							
11:30	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa							
12:00	Útleiga	Útleiga	Útleiga	Útleiga	Útleiga	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa							
12:30																
13:00	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími							
13:30	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Starfsemi eldri borgara	Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími							
14:00	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
14:30											Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
15:00	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
15:30											Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
16:00	Þór hefur	Þór kærfa	KA/Þór	Þór kærfa	KA/Þór	Þór kærfa	KA/Þór	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
16:30											Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
17:00	Þór hefur	Þór kærfa	KA/Þór	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	KA/Þór	Þór kærfa	KA/Þór	Þór kærfa	Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
17:30											Spiltími	Spiltími	Spiltími	Spiltími		
18:00											Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl		
18:30	KA/Þór	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl		
19:00											Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl		
19:30											Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl		
20:00	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Þór hefur	Þór kærfa	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl		
20:30											Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl	Spiltími mfl		
21:00																
21:30	Útleiga	Útleiga	Útleiga	Útleiga	Útleiga											



### Íþróttahöllin

Kl.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
8:00	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli (2/3b)	VMA (1/3b)	MA (2/3b)	VMA (1/3b)
8:30	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli (2/3b)	VMA (1/3b)	MA (2/3b)	VMA (1/3b)
9:00	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli (2/3b)	VMA (1/3b)	MA (2/3b)	VMA (1/3b)
9:30	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli - kl. 10	VMA (1/3b)	MA (2/3b)	VMA (1/3b)
10:00	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli		VMA (1/3b)	MA (2/3b)	VMA (1/3b)
10:30	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli		VMA (1/3b)	MA (2/3b)	VMA (1/3b)
11:00	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli		VMA (1/3b)	MA (2/3b)	VMA (1/3b)
11:30	Br.Skóli	Br.Skóli	Br.Skóli - 12:00		VMA		
12:00	Br.Skóli	Br.Skóli			VMA		
12:30	Br.Skóli	Br.Skóli - 13:10			VMA		
13:00	Br.Skóli	VMA kl.13:15	VMA kl.13:15	Br.Skóli kl.13:20			
13:30	Br.Skóli	VMA	VMA	Br.Skóli			
14:00	Br.Skóli	VMA	VMA	Br.Skóli			
14:30	Br.Skóli - 14:40	VMA	VMA	Br.Skóli - 14:40	MA		
15:00	VMA (2/3b) kl.14:45	VMA (2/3b)	VMA (1/3b)	VMA (2/3b) kl.14:45	MA		
15:30	VMA (2/3b)	VMA (2/3b)	VMA (1/3b)	VMA (2/3b)	MA		
16:00	KA	KA/þór	KA	KA/þór	UFA		
16:30	KA	KA/þór	KA	KA/þór	UFA		
17:00	KA		UFA				
17:30	KA		UFA				
18:00							
18:30							
19:00							
19:30					Spiltími		
20:00					Spiltími		
20:30					Spiltími		
21:00		Almenningur	Almenningur	Almenningur	Spiltími		
21:30		Almenningur	Almenningur	Almenningur	Spiltími		


## Gleráarskóli

kl.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.		Laugard.	Sunnud.
8:00	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	9:00	Þór karrfa	
8:30	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	9:30		
9:00	Gl.Skóli		Gl.Skóli	Gl.Skóli	Gl.Skóli	10:00	Þór karrfa	Þór karrfa
9:30	Gl.Skóli		Gl.Skóli	Gl.Skóli	Gl.Skóli	10:30		
10:00	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	11:00	Þór karrfa	Þór karrfa
10:30	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	11:30		
11:00	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	12:00	Þór karrfa	Þór karrfa
11:30	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	12:30		
12:00	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	13:00	Þór karrfa	Þór karrfa
12:30	Gl.Skóli		Gl.Skóli		Gl.Skóli	13:30		
13:00	Gl.Skóli	Gl.Skóli Fristund	Gl.Skóli	Gl.Skóli Fristund	Gl.Skóli Fristund	14:00	Þór karrfa	
13:30	Gl.Skóli	Gl.Skóli Fristund	Gl.Skóli	Gl.Skóli Fristund	Gl.Skóli Fristund	14:30		
14:00	Gl.Skóli	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	15:00	Þór karrfa	Þór karrfa
14:30	Gl.Skóli					15:30		
15:00	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	16:00	Þór karrfa	Þór karrfa
15:30						16:30		
16:00	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	17:00	<i>Hús lokar 17</i>	
16:30								
17:00		Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa	Þór karrfa			
17:30								
18:00		Þór karrfa		Þór karrfa	Þór karrfa			
18:30								
19:00								
19:30								
20:00								
20:30								
21:00								
21:30								
Hús lokar 22.00								

## Síðuskóli

kl.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
8:00	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli		
8:30	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli		
9:00	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	Íþróttaskóli Þórs	<b>Þór hand</b>
9:30	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli		
10:00	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli	<b>Þór hand</b>	<b>Þór hand</b>
10:30	S.Skóli	S.Skóli	S.Skóli - 10:35	S.Skóli	S.Skóli		KA/Þór y.fl.
11:00	S.Skóli - 11:15	S.Skóli		S.Skóli	S.Skóli		KA/Þór y.fl.
11:30		S.Skóli		S.Skóli	S.Skóli	KA/Þór y.fl.	
12:00		S.Skóli		S.Skóli - 12:30	S.Skóli - 12:30	KA/Þór y.fl.	<b>Þór hand</b>
12:30		S.Skóli				KA/Þór y.fl.	
13:00	Fristund	S.Skóli	Fristund		Fristund	Spiltími	Spiltími
13:30	Fristund	S.Skóli - 14:00	Fristund		Fristund	Spiltími	Spiltími
14:00	<b>Þór hand</b>	<b>Þór hand</b>	Fristund	<b>Þór hand</b>		Spiltími	Spiltími
14:30			KA/Þór y.fl.		KA/Þór y.fl.	Spiltími	Spiltími
15:00	KA/Þór y.fl.	<b>Þór hand</b>	KA/Þór y.fl.	<b>Þór hand</b>	KA/Þór y.fl.	Spiltími	Spiltími
15:30	KA/Þór y.fl.		KA/Þór y.fl.		KA/Þór y.fl.	Spiltími	Spiltími
16:00	<b>Þór hand</b>	<b>Þór hand</b>	KA/Þór y.fl.	KA/Þór y.fl.	KA/Þór mfl	Spiltími	Spiltími
16:30			KA/Þór y.fl.	KA/Þór y.fl.		Spiltími	Spiltími
17:00	<b>Þór hand</b>	<b>Þór hand</b>	<b>Þór hand</b>	<b>Þór hand</b>			
17:30							
18:00							
18:30							
19:00							
19:30							
20:00							
20:30							
21:00							
21:30							

## Viðauki 2



Mynd 3 – Örugg verkfræðistofa (Hörður Páll Steinarsson)



## Viðauki 3

Akureyrarbær kt. 410169 – 6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri, annars vegar og Íþróttafélagið Þór (í samningi þessum nefnt Þór), kt. 710269 -2469, hins vegar gera með sér svofelldan

### Uppbyggingar- og framkvæmdasamning

#### 1. gr.

Samningur þessi tekur til uppbyggingar og endurbóta á félags- og knattspyrnuaðstöðu Þórs við Hamar sem og til uppbyggingar á frjálsíþróttaaðstöðu á austanverðu svæði félagsins á árunum 2007 til 2012 (fylgiskjal. 1).

Markmið samningsins er að bæta verulega aðstöðu Þórs til knattspyrnuíðkunar sem og að bæta félagsaðstöðu þess á samningstímanum. Einnig að byggja upp fullkomna aðstöðu til frjálsra íþrótta sem nýttast mun Ungmennafélagi Akureyrar og sem uppfylli kröfur sem gerðar eru til mótshaldara á Landsmóti UMFÍ sem halda skal Akureyri sumarið 2009.

#### 2. gr.

Akureyrarbær mun kosta og sjá um eftirfarandi framkvæmdir á félagssvæði Þórs á samningstímanum:

- Afgirt æfingasvæði við Sunnuhlíð a.m.k. 8.000 m<sup>2</sup> og við norðanverðan Bogann sunnan Skarðshlíðar
- frjálsíþróttaaðstöðu
- keppnisvöll í fótbolta (grasvöll) með hitalögnum ásamt búnaði
- Stúkumannvirki með 1.000 sætum fyrir knattspyrnu og burðarvirki sem þolir þak yfir allri stúkunni.

Áætlaður heildarkostnaður þessara framkvæmda er kr. 358,7 milljónir. Tíma- og kostnaðaráætlun vegna þessara framkvæmda er að finna í fylgiskjali 2.

#### 3. gr.


Akureyrarbær mun styrkja Þór vegna endurbóta á Hamri um kr. 4.000.000,- á árinu 2007 um kr. 4.000.000,- á árinu 2008, um kr. 9.000.000,- á árinu 2011 og um kr. 9.000.000,- á árinu 2012. Skulu greiðslurnar fara fram 1. júlí öll greiðsluárin enda hafi Þór lagt fram framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir hvert framkvæmdatímabil til íþróttafulltrúa. Við lok framkvæmda hvers árs skal leggja fram kostnaðaruppgjör ársins. Samningsupphæðir skulu bundnar byggingarvísitölu og grunnvísitala samningsins miðast við 1. júlí 2007 þ.e. 370,2 stig.

#### 4. gr.

Samstarfshópur Þórs og Akureyrarbæjar, sem skipaður skal 3 fulltrúum Þórs, einum fulltrúa ÍBA og einum fulltrúa Akureyrarbæjar, mun fara yfir reynsluna af grasknattspyrnuvelli á svæðinu eftir þriggja ára notkun. Ef sameiginleg niðurstaða starfshópsins verður sú að náttúrulegt gras henti ekki á keppnisvöll félagsins mun Akureyrarbær setja gervigras á völlinn á árunum 2016 -2018. Komist starfshópurinn einnig að þeirri niðurstöðu að flóðlýsa þurfi aðalvöll Þórs mun Akureyrarbær setja slíka lýsingu upp á árinu 2015. Akureyrarbær mun fullklára stúkumannvirki á árinu 2012 að undanskildu þaki yfir alla stúkuna sem sett yrði upp á árunum 2013 – 2014.

#### 5. gr.

Þór fær afnot af Boganum yfir sumartímann til knattspyrnuæfinga og getur skipulagt æfingar sínar innan útgefinnar sumartímatöflu forstöðumanns enda rekist þær ekki á eða komi í veg fyrir aðra



hugsanlega nýtingu mannvirkisins. Þá fær Þór fullan rétt til að skipuleggja knattspyrnuæfingar á grassvæði frjálsíþróttavallar innan útgefnar tímatöflu forstöðumanns. Sameiginlegt markmið samningsaðila með ofangreindum ákvæðum er að nýta mannvirkin sem allra best og auka möguleika Þórs til knattspyrnuæfinga á félagssvæði sínu.

6. gr.

Á samningstímanum sem er til ársins 2012 mun Akureyrarbær ekki skipuleggja opið svæði norðan félagssvæðis Þórs og norðan Skarðshlíðar heldur halda í það svæði sem mögulega stækkun á félagssvæði Þórs í náinni framtíð.

7.

Að framkvæmdum loknum eru stúkumannvirki og frjálsíþróttavöllur í umsjón og eign Akureyrarbæjar en grassvæði í rekstri og umsjón Þórs þar með talið grassvæði innan hlaupabrauta frjálsíþróttavallar. Að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, gilda ákvæði rekstrar- og leigusamnings félagsins við Akureyrarbæ frá 3. október 2001 ásamt viðaukasamningum og samningi um samskiptamál Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar frá 30. janúar 2006.


8. gr.


Rísi ágreiningur út af samningi þessum skulu aðilar skipa sinn hvorn fulltrúa í sáttanefnd og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ef ágreiningur er óleysanlegur af sáttanefnd skal vísa ágreiningsefni til Héraðsdóms Norðurlands eystra.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Akureyri, 10. september 2007

Með fyrirvara um samþykki bæjarráðs Akureyrarbæjar

  
F.h. Akureyrarbæjar

  
F.h. Þórs

  
Vottur að undirskrift

\_\_\_\_\_  
Vottur að undirskrift